

Þriðjudaginn 2. febrúar 1988.

Nr. 56/1987. **Ingvi Óðinsson**

(Helgi V. Jónsson hrl.)

gegn

Haraldi Árnasyni

(Stefán Pálsson hrl.)

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. febrúar 1987. Dómkröfur hans eru þessar:

Að stefndi verði dæmdur til að greiða 400.495,00 krónur ásamt 404.003,00 krónum í vexti fyrir tímabilið 1. janúar 1982 til 31. janúar 1985 og hæstu vanskilavöxtum af 400.495,00 krónum frá 1. febrúar 1985 til greiðsludags eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Verði áfrýjanda dæmt heimilt að leggja áfallna vexti eftir 1. febrúar 1985 við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1986.

Að staðfest verði með dómi löghald, sem framkvæmt var hinn 2. júní 1986 í Ásabyggð 8, Akureyri, til tryggingar dómkröfum áfrýjanda.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Kröfur sínar í málinu byggir áfrýjandi á ársreikningi Hamars sf. fyrir árið 1981 með nokkrum breytingum. Er meginbreytingin sú að inn í kröfugerðina eru tekin óbókfærð laun áfrýjanda fyrir tímabilið 1. júní 1980 - 31. desember 1981 ásamt vöxtum af hluta launanna svo og óbókfærð laun eiginkonu áfrýjanda frá því í maí 1979 til ársloka 1981 ásamt vöxtum af hluta launa hennar.

Ársreikningurinn fyrir árið 1981 er hvorki staðfestur af áfrýjanda né undirritaður eins og fyrir er mælt í 2. mgr. 18. gr. laga um bókhald nr. 51/1968.

Í skýrslu sem áfrýjandi gaf í fyrra máli því sem hann höfðaði á hendur stefnda og greint er frá í héraðsdómi, kvaðst hann líta svo á að stefndi hafi verið aðili að fyrirtækinu frá upphafi til ársloka 1980 að því er varðar þau verk er þeir höfðu byrjað á.

Stefndi kvaðst hafa hætt afskiptum sínum af fyrirtækinu í byrjun árs 1980 og í september það ár „hafi endanlega soðið upp úr“.

Fyrir Hæstarétt hefur áfrýjandi lagt ársreikning Hamars sf. fyrir árið 1980, dags. 14. janúar 1981. Er hann undirritaður af Valtý Hreiðarssyni með svohljóðandi skýringum:

„Uppgjör þetta er bráðabirgðauppgjör, enn eru það mörg mál óleyst að ekki er hægt að ganga endanlega frá reikningum. Lausafjármunir hafa ekki verið endurmetnir né fyrndir. Kostnaður mun ekki allur kominn á Núpasiðu 6. Þar sem að eignaraðild er óljós eru ýmis atriði varðandi laun og þóknanir eiganda óútkljáð, gæti verið um nokkra kostnaðarlækkun að ræða. Vextir gjaldfallnir en ógreiddir hafa ekki verið reiknaðir utan þinggjöld 1980. Um nokkrar upphæðir getur verið um að ræða.“

Þá ber ársreikningurinn einnig svohljóðandi áritun: „Bókhald þetta er unnið eftir framlögðum gögnum, endurskoðun varðandi réttmæti reikninga hefur ekki verið framkvæmd.“

Stefndi hefur mótmælt því að skjali þessu verði gaumur gefinn þar sem það hafi ekki legið fyrir héraðsdómi og áfrýjandi hafi ekki haft uppi áskilnað í áfrýjunarstefnu um framlagningu þess fyrir Hæstarétti svo sem boðið sé í 45. gr. laga nr. 75/1973. Kemur skjal þetta því ekki til álita fyrir Hæstarétti samkvæmt greindu lagaákvæði.

Með vísan til þess sem nú hefur verið rakið verður kröfugerð áfrýjanda á hendur stefnda ekki byggð á ársreikningi Hamars sf. fyrir árið 1981. Ekki liggja fyrir reikningsskil á þeim tíma sem málsaðilar slitu samvinnu sinni, en um þau tímamörk eru þeir ekki sammála. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Ingvi Óðinsson, greiði stefnda, Haraldi Árnasyni, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 30. janúar 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. janúar sl., hefur aðalstefnandi Ingvi Óðinsson, nnr. 4804-2856, Grundargerði 7 d, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnum útgefnum 13. desember 1985 og 4. janúar 1986 á hendur Haraldi Árnasyni, nnr. 3762-8379, Grundargerði 1 g, Akureyri og gagnsök hefur framangreindur Haraldur Árnason höfðað með stefnu, útgefinni 27. febrúar 1986, á hendur aðalstefnanda Ingva Óðinssyni.

Í aðalsök eru kröfur aðalstefnanda þær í stefnu að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 400.495,00 með 4,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 01.01. 1982 til 01.05. s.á., með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.11. s.á., með 5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.11. 1983, með 4,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.12 s.á., með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.01. 1984, með 3,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.02. s.á., með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.09. s.á., með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.02. 1985, með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.03. s.á., með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.06. s.á., með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.09. s.á. og með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til greiðsludags. Þá er þess krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól um hver áramót, í fyrsta sinn 01.01. 1983. Jafnframt er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Við munnlegan málflutning setti aðalstefnandi kröfur sínar þannig fram:

Aðalstefndi verði dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 1.785.687,00 ásamt 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 1.273.219,00 frá 01.12. 1985 til 01.03. 1986, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.04. s.á. og með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til greiðsludags. Þá er þess krafist að aðalstefnanda verði dæmt heimilt að leggja áfallna vexti við höfuðstól hinn 01.01. 1986 og síðan á 12 mánaða fresti.

Til vara:

Að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 550.678,00 ásamt 45% ársvöxtum af kr. 400.495,00 frá 01.12. 1985 til 01.03. 1986, með 33% ársvöxtum frá þ.d. til 01.04. s.á. og með 27% ársvöxtum frá þ.d. til greiðsludags. Þá er þess krafist að aðalstefnanda verði dæmt heimilt að leggja áfallna vexti við höfuðstól 01.02. 1986 og síðan á 12 mánaða fresti.

Að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 404.003,00

í vexti fyrir tímabilið 01.01. 1982 til 31.01. 1985. Í báðum tilfellum er þess krafist, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Þá krefst aðalstefnandi þess að staðfest verði með dómi lögald sem framkvæmt var hinn 2. júní 1986 í Ásabyggð 8, Akureyri, til tryggingar dómröfum hans og að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða aðalstefnanda málskostnað í því máli samkvæmt gjaldskrá LMFÍ ásamt kostnaði öllum við framkvæmd lögaldsins samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Dómröfur aðalstefnda í aðalsök eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hans hendi samkvæmt framlögðum reikningi, en til vara að kröfur aðalstefnanda verði stórlega lækkaðar og stefnda dæmdur málskostnaður úr hendi aðalstefnanda samkvæmt framlögðum reikningi.

Í gagnsök eru dómröfur gagnstefnanda þær að gagnstefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 483.698,00 ásamt 4% dráttarvöxtum á mánuði fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 01.05. 1982 til 01.11. s.á., 5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 21.10. 1983, 4,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 21.11. s.á., 4% dráttarvöxtum frá þ.d. til 21.12. s.á., 3,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 21.01. 1984, 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.09. s.á., 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.02. 1985, 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.03. s.á., 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.06. s.á., 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.09. s.á., en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til greiðsludags. Þá krefst gagnstefnandi þess, að dráttarvextir leggist við höfuðstól árlega hinn 01.05. ár hvert, í fyrsta sinn 01.05. 1983. Að lokum krefst gagnstefnandi málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi.

Í gagnsök krefst gagnstefndi sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda og að gagnstefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Helstu málsatvik, bæði í aðalsök og gagnsök, eru þau, að árið 1978 - 1980 ráku aðilar máls þessa byggingarfélag í sameignarformi undir nafninu Hamar sf. Skráðir eigendur firmans frá 1. maí 1978 til 1. júlí 1979 voru aðalstefnandi og Rögnvaldur Reynisson sem þá gekk úr félaginu. Var aðalstefnandi frá þeim tíma einn skráður eigandi. Aðalstefndi var hins vegar eigandi að félaginu með aðalstefnanda og rak það með honum og störfuðu báðir aðilar máls þessa hjá félaginu. Á árinu 1980 slitnaði upp úr samstarfi aðila og gekk aðalstefndi úr félaginu, en aðalstefnandi yfirtók eignir og skuldir félagsins og hélt rekstrinum áfram. Við félagsslitin reis upp ágrein-ingur milli aðila um ábyrgð aðalstefnda á rekstri félagsins og með dómi Hæstaréttar 6. desember 1984 var staðfestur dómur bæjarþings Akureyrar

um að aðalstefndi væri meðábyrgur með aðalstefnanda fyrir rekstri Hamars sf. Hefur aðalstefnandi höfðað mál þetta til heimtu hlutdeildar aðalstefnanda í taprekstri félagsins á þeim tíma er aðalstefndi var meðeigandi að því og eitt ár til viðbótar, þ.e. árið 1981. Hinn 2. júlí 1986 fékk aðalstefnandi framkvæmt lögöld í eign aðalstefnda, Ásabyggð 8, Akuryeri, til tryggingar dómkrofum sínum og er aðalsökin einnig höfðuð til staðfestingar þess löghalds.

Gagnsök hefur gagnstefnandi höfðað til innheimtu á helmingi krafna er hann telur sig eiga á Hamar sf. frá þeim tíma er hann var aðili að þeim rekstri.

Kröfur sínar í aðalsök byggir aðalstefnandi á því að aðalstefndi sé meðábyrgur að hálfu fyrir taprekstri félagsins fram til félagsslita, þ.e. ársloka 1980, og síðan áfram árið 1981 meðan unnið var að verkefnum í samræmi við samninga sem gerðir voru fyrir félagsslit en ólokið og tap varð á á árinu 1981. Byggir aðalstefnandi kröfur sínar í aðalatriðum á ársuppgjöri sínu og Hamars sf. fyrir árið 1981 og reikningum fyrir laun sín og eigin konu sinnar á árunum 1980 og 1981.

Aðalstefndi hefur mótmælt því að ársuppgjör fyrir árið 1981 verði lagt til grundvallar skuldaskilum aðila, þar sem hann beri ekki ábyrgð á rekstrinum nema til ársloka 1980. Byggir hann sýknukröfu sína á því að allar kröfur á hendur sér vegna taprekstrar fram til ársloka 1980 séu fyrndar, sbr. lög nr. 14, 1905. Kröfur aðalstefnanda vegna rekstrarins 1981 séu sér óviðkomandi.

Í gagnsök gerir gagnstefnandi þá grein fyrir kröfum sínum, að hluta til sé um að ræða kröfur vegna vangoldinna launa, vegna vinnu hans hjá Hamri sf. á árunum 1978 - 1980, en að hluta til sé um að ræða reikninga á Hamar sf. vegna ýmissar hönnunurvinnu, sem Tækniteiknistofan sf. hafi unnið fyrir Hamar sf., en gagnstefnandi hafi verið aðili að Tækniteiknistofunni sf. og greitt reikninga þessa fyrir Hamar sf. Hefur gagnstefnandi lagt fram í málinu reikninga þessa ásamt sundurliðun á launakröfu sinni.

Í gagnsök byggir gagnstefndi sýknukröfu sína í fyrsta lagi á þeirri málásæðu að gagnstefnandi hafi engar kröfur átt á hendur Hamri sf. er rekstri félagsins lauk. Er reikningum gagnstefnda mótmælt sem tilbúningi. Gagnstefnanda hafi á árinu 1979 verið greitt að fullu fyrir teiknivinnu vegna byggingaframkvæmda félagsins. Er launakröfu gagnstefnanda mótmælt sérstaklega sem vanreifaðri. Þá byggir gagnstefndi sýknukröfu sína enn fremur á því að kröfur gagnstefnanda séu fyrndar.

Aðalsök.

Ágreiningslaust er að slit aðila á sameignarfélaginu Hamri sf. hafi farið fram á árinu 1980 og þá í síðasta lagi í árslok samkvæmt framburði aðal-

stefnanda sjálfs. Við félagsslitin yfirtók aðalstefnandi eignir og skuldir félagsins og hélt áfram rekstrinum.

Dómurinn lítur svo á, að rekstur fyrirtækisins sé aðalstefnda óviðkomandi eftir félagsslitin þar sem samningur um annað er ekki fyrir hendi. Eftir félagsslit gat aðalstefndi hvorki gert tilkall til arðs né borið skyldu til þátttöku í tapi vegna rekstrar aðalstefnanda.

Í málinu hefur ekki verið lagt fram reikningsuppgjör Hamars sf. við félagsslitin og verður því ekki séð hver hluti kröfu aðalstefnanda verður rakinn til rekstrar Hamars sf. fyrir félagsslit. — Stefna í aðalsök var birt aðalstefnda hinn 17. desember 1985. Eru kröfur aðalstefnanda því fyrndar að því leyti, sem þær eru vegna rekstrarins fyrir félagsslitin, sbr. lög nr. 14/1905.

Kröfur aðalstefnanda eru allar ýmist vegna rekstrar félagsins fyrir félagsslit eða vegna rekstrar aðalstefnanda eftir að félagsskapnum lauk og eru því samkvæmt framansögðu ýmist fyrndar eða aðalstefnda óviðkomandi. Ber því að sýkna aðalstefnda af öllum kröfum aðalstefnanda í aðalsök og synja um staðfestingu á gerðu löghaldi.

Gagnsök.

Kröfur gagnstefnanda í gagnsök eru allar byggðar á viðskiptum við sameignarfélag aðila Hamar sf. áður en því félagi var slitið, í síðasta lagi í árslok 1980.

Stefna í gagnsök var þingfest án birtingar hinn 27. febrúar 1986 og eru kröfur gagnstefnanda því fyrndar sbr. lög nr. 14/1905. — Verður gagnstefndi því sýknaður af kröfum gagnstefnanda í gagnsök.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að málskostnaður bæði í aðalsök og gagnsök falli niður.

D ó m s o r ð:

Í aðalsök á aðalstefndi, Haraldur Árnason, að vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Ingva Óðinssonar.

Synjað er um staðfestingu löghalds í Ásabyggð 8, Akureyri, dags. 2. júní 1986.

Í gagnsök á gagnstefndi, Ingvi Óðinsson, að vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Haralds Árnasonar.

Málskostnaður, bæði í aðalsök og gagnsök, fellur niður.